

- Tollflokkun
- Endurákvörðun

Úrskurður nr. 6/2001.

Tollstjóri endurákvæðar gjöld af 5 vörusendingum er innihéldu “Latte minarine” viðbit. Kærandi telur tollflokkun tollstjóra á vörunni ekki rétta og krefst þess að endurákvæðunin verði felld úr gildi. Ríkistollanefnd fellst á kröfu kæranda.

Lög nr. 55/1987 99.gr., 101.gr. Reglugerð 61/1989 10 gr.

Með bréfi, dags. 9. apríl s.l., er barst nefndinni þann 10. s.m. kærir L., fyrir hönd A, þá ákvörðun tollstjóra frá 28. febrúar 2001 að endurákvæða aðflutningsgjöld af 5 vörusendingum fyrirtækisins er innihéldu “Latte minarine” viðbit. Tollstjóri flokkar vöruna í tnr. 1517.1009. Hækkun aðflutningsgjalda nam kr. . 164.433,00 auk dráttarvaxta. Kærandi gerir kröfu um að varan verði tollflokkuð í tnr.1517.9004 eða 1517.9009. Sendingar þær sem um ræðir komu til landsins á eftirtöldum sendingarnúmerum:

E THR 11 05 9 DK AAR W355 E BRU 15 06 9 DK AAR W360 E BRU 27 07 9 DK AAR W328
E THR 06 07 9 DK AAR W328 E THR 31 08 9 DK AAR W341.

Vísað er til úrskurðar 5/2001 þar sem um er að ræða sömu vöru og þar var fjallað um.